



Reykjavíkurborg
mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 26. mars 2020
R18010207
100
SAJ/EP

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Kostnaðaráætlun vegna stefnumótunarvinnu við lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.

meðfylgjandi er minnisblað vegna kostnaðaráætlunar vegna stefnumótunarvinnu við lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, til framlagningar í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði.

Virðingarfyllst

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir
Starfsmaður stýrihóps um mótun lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar

Hjálagt:
Minnisblað vegna kostnaðaráætlunar



Reykjavík, 26. 03. 2020
R18010207
AK/SAJ

Lagt fyrir fund mannréttinda,- nýsköpunar,- og lýðræðisráðs 2. apríl 2020

Minnisblað

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð.

Sendandi: Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, sérfræðingur í lýðræðismálum.

Efni: *Kostnaðaráætlun vegna stefnumótunarvinnu við lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.*

Stýrihópur um mótun lýðræðisstefnu var skipaður samkvæmt erindisbréfi þann 12. september 2019, af mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði. Stýrihópurinn tók ákvörðun um að framkvæma opið samráðsferli vegna stefnumótunarvinnu við lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.

Samráðferlið felur í sér opna fundi og og samráð á vef betri reykjavíkur. Nauðsynlegt var talið af fá til liðs við stýrihópinn ráðgjafafyrirtæki vegna þessarar vinnu og var farið í verðfyrirspurn hjá þrem ráðgjafafyrirtækjum. Capacent varð fyrir valinu. Munu þeir aðstoða við fundarhöld vegna samráðsins og framkvæma þrjú rýnihópa með slembivöldu úrtaki. Einnig mun stýrihópurinn fá í lok samráðsins skýrslu sem inniheldur greiningu og ráðgjöf á þeim gögnum sem safnast í vinnunni.

Kostnaður er fyrirsjáanlegur vegna opinna funda og auglýsingakostnaðar vegna samráðs á vefnum betri Reykjavík.

Kostnaðaráætlun:

Ráðgjafafyrirtæki Capacent kr. 2.400.000
Fundaraðstaða Kjarvalsstaðir kr. 250.000, -
Hönnun auglýsingar kr. 200.000,-
Myndbönd kr. 100.000, -
Auglýsingar á samfélagsmiðlun kr. 50.000,-
Veitingar kr. 100.000.- (Opinn fundur og vinnufundur)
Samtals: 3.100.000.-

Kostnaður er innan ramma lýðræðisverkefna hjá mannréttinda-, og lýðræðisskrifstofu.